

FÍN 2017

Eftirfarandi samantekt lýsir meginþáttum í starfsemi Félags íslenskra náttúrufræðinga árið 2017 og er því eins konar framtíðarsýn. Tilgangurinn er að draga upp mynd af félaginu eins og stjórnendur vilja sjá hana.

FÍN 2017 er grundvöllur fyrir áætlanir félagsins á komandi árum sem miða að því að ná því fram sem lýst er í skjalinu.

Félagið

Félag íslenskra náttúrufræðinga (FÍN) er fyrsti kostur náttúrufræðinga hvort sem þeir starfa á opinberum eða almennum markaði. Félagsmenn hafa háskólamenntun á sviði eða í tengslum við raun- og náttúruvísindi.

Félagið er öflugt stéttarfélag sem vinnur markvisst að bættum kjörum félagsmanna. Unnið hefur verið skipulega að vexti félagsins samhliða bættu innra starfi.

Allir félagsmenn greiða ákveðið hlutfall af launum til félagsins óháð vinnustað. Félagsgjaldi er haldið eins lágu og hægt er án þess að það bitni á getu félagsins til að berjast fyrir bættum hagsmunum félagsmanna eða þjónustunni við félagsmenn.

Stjórnun og skipulag

Formaður félagsins og framkvæmdastjóri eru í fullu starfi hjá félaginu. Auk þeirra eru á skrifstofu starfsfólk sem sinnir margvíslegum verkefnum félagsins.

Stjórn félagsins fundar reglulega og tekur ákvarðanir um málefni félagsins. Hluti stjórnar myndar framkvæmdastjórn sem er mjög virk.

Félagið hefur öflugt trúnaðarmannakerfi sem sinnir öllum félagmönnum.

Trúnaðarmenn, stjórnir sjóða og nefndir félagsins vinna markvisst að sínum viðfangsefnum með öflugum stuðningi frá skrifstofu félagsins.

Markvisst er unnið að því að virkja félagsmenn. Formaður heimsækir vinnustaði a.m.k. árlega og fundar með félagsmönnum og trúnaðarmönnum. Einnig leitast formaður við að byggja upp tengsl við stjórnendur stofnana og fyrirtækja.

Samstarf

Félagið er innan Bandalags háskólamanna (BHM) og tekur virkan þátt í því að efla bandalagið og hefur réttindi og skyldur sem aðildarfélag BHM. Félagið hefur að eigin frumkvæði áhrif á stefnumótun BHM og brýnir bandalagið til að beita sér í krafti stærðar sinnar. Haft er samstarf við önnur félög innan bandalagsins, með það að markmiði að efla BHM og félagið.

Félagið veitir BHM sitt umboð, þegar það á við, til að annast ýmis sameiginleg verkefni aðildarféлага BHM sem talið er hagkvæmara að bandalagið annist heldur en félagið sjálft.

Félagið tekur þátt í samstarfi við norræn og önnur erlend félög þegar það er talið skila árangri. Samstarfið er metið og endurskoðað reglulega.

Þjónusta

Skrifstofa félagsins annast ýmis konar þjónustu við félagsmenn og sinnir þeim verkefnum sem stjórn félagsins leggur áherslu á og ákveður í framkvæmdaáætlun eftir því sem fjárhagur félagsins leyfir.

Félagið fær reglulega launaupplýsingar frá viðsemjendum og félagsmönnum sínum. Gerðar eru kjarakannanir sem sýna þróun og stöðu mismunandi hópa sem hægt er að bera saman á auðveldan hátt. Úr könnunum eru unnar upplýsingar um laun, vinnuframlag og ýmis starfskjör og þær greindar niður eftir störfum, atvinnugreinum og öðrum breytum sem talin er þörf á að þekkja. Kjarakannanir eru nýttar við gerð kjarasamninga, vinnustaðasamninga og persónubundna samninga.

Félagið aðstoðar félagsmenn við að ná fram rétti sínum í launa- og réttindamálum og við túlkun samningsákvæða.

Félagið veitir félagsmönnum aðstoð í atvinnuleit og við starfslok. Framkvæmdastjórn skilgreinir hvaða aðstoð er veitt félagsmönnum í atvinnuleit.

Lögð er áhersla á að sem bestar upplýsingar séu á heimasíðu og að öll þjónusta félagsins sé eins einföld og skilvirk og kostur er. Jafnframt er þess gætt að veitt sé góð og persónuleg þjónusta.

Unnið er eftir skrásettu verklagi ef félagsmaður leitar til félagsins.

Kjarasamningar

Félagið annast kjarasamninga fyrir félagsmenn samkvæmt samþykktu verklagi. Félagið tekur þátt í samfloti með öðrum stéttarfélögum í kjarasamningum þegar slíkt er talið henta.

Unnið er markvisst að úrbótum og samræming réttinda og kjara allra félagsmanna. Stjórn ber ábyrgð á kröfugerð félagsins vegna kjarasamninga. Trúnaðarmenn vinna að mótun kröfugerðar með félagsmönnum. Rík áhersla er lögð á að ljúka samningum áður en eldri samningar renna út.

Félagið hefur frumkvæði að umbótum á kjaraumhverfi á Íslandi og tekur virkan þátt í þróun þess. Félagið beitir sér fyrir samstarfi og þátttöku annarra félaga í þeirri vinnu auk þess sem unnið er skipulega að nýjungum með viðsemjendum. Félagið vinnur markvisst með BHM og öðrum heildarsamtökum að því að hafa áhrif á að samræma lagaumhverfi stéttarféлага.

Félagið horfir til þeirrar þróunar sem á sér stað í kjaramálum nágrannþjóðanna.

Félagið rekur kjaradeilusjóð fyrir alla félagsmenn.

Persónubundnir samningar

Félagið eflir félagsmenn í að gera persónubundna samninga með öflugri upplýsingagjöf, námskeiðum og virkri aðstoð skrifstofu.

Orlofsþjónusta

Félagsmenn hafa aðgang að orlofsþjónustu sem Orlofssjóður BHM, félagið og aðrir samstarfsaðilar félagsins bjóða upp á.

Markaðs- og ímyndarmál

Félagið er mjög meðvitað um mikilvægi ímyndar félagsins og er sífellt unnið að því að efla hana. Heimasíða félagsins endurspeglar jákvæða ímynd þess og er nýtt við markaðs- og ímyndarmál eins og kostur er.

Félagatal er á heimasíðu félagsins. Hver og einn félagsmaður hefur lokað svæði á heimasíðu félagsins þar sem hann getur nálgast ýmsar persónubundnar upplýsingar.

Félagið gefur reglulega út fréttabréf sem dreift er til félagsmanna. Auk þess er félagið virkur þátttakandi í umræðu um kjaramál og er þannig sýnilegt félagsmönnum sem öðrum.

Félagið stendur fyrir öflugum kynningarstarfi á almennum vinnumarkaði eitt sér eða í samvinnu félaga innan BHM.

Félagið stendur fyrir kynningum í háskólum og annars staðar þar sem starfsemi félagsins og kostir þess að vera félagsmaður eru kynntir. Félagið er meðvitað um nauðsyn þess að kynna sig og efla félagið. Það er eftirsóknarvert að vera félagsmaður í Félagi íslenskra náttúrufræðinga.

Félagið stuðlar að eflingu kennslu í náttúruvísindum í grunnskólum og framhaldsskólum.

Félagið er í góðum tengslum við fagfélög náttúrufræðinga.